

# Aðalfundur FÍSOS

Hótel Stykkishólmi 1. október 2010

## 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Formaður FÍSOS, Guðný Dóra Gestsdóttir, stakk uppá Helgu Maureen Gylfadóttur sem fundarstjóra og Kristínu Sóleyju Björnsdóttur sem fundarritara. Það var samþykkt með lófaklappi fundarmanna.

## 2. Skýrsla formanns um störf félagsins. Skýrðir reikningar félagsins. Umræður um þessa liði og afgreiðsla þeirra.

Guðný Dóra flutti skýrslu formanns. Skýrsluna í heild sinni má sjá á vefnum okkar. Hér er eingöngu stiklað á stóru.

Þjóðminjasafninu var þakkað fyrir fundaraðstöðu og farskólanefnd þakkað fyrir sín störf. Haldin var ráðstefna á vegum Norræna safnmannasambandsins í Færeyjum í vor og var Helga Vollertsen fulltrúi Íslands.

Vefur FÍSOS á slóðinni safnmenn.is hefur verið í endurskoðun og er því verki ekki lokið en Elfa Hlín hefur verið ráðin í launað hlutastarf sem vefstjóri. Safnaverðlaunin voru afhent á Bessastöðum 11. júlí. Nýlistasafnið í Reykjavík hlaut þau að þessu sinni.

Endurmenntunarnámskeiðin voru tvo: Sýningarstjórnun og markaðssetning. Námskeiðin voru í samvinnu við Endumenntunarstofnun Háskólans. Safnabókin kom út í fyrsta skipti í ár á vegum Gudrun Publishing. Físos vann að bókinni í formi ráðgjafar og yfirferð á skráningum ásamt framkvæmdastjóra Safnaráðs. Stjórnin sendi sveitastjórnun á landinu bréf þar sem vakin var athygli á mikilvægi þess að þau hefðu vakandi auga með menningararfinum. Útgáfumál – Stjórnin hvetur félagsmenn til þess að skrifa greinar í tímarit t.d. Skírni, Ritið, Nordisk Museology og fleiri. Komið hefur upp sú hugmynd að rita sögu félagsins sem og farskólans enda af nógu efni að taka. Skorarformönnum innan hagnýtrar menningarmiðlunar, safna- og sagnfræðideildar HÍ hefur verið greint frá þessari hugmynd með það fyrir augum að þeir vekji athygli nemenda sinna á efninu t.d. til lokaritgerðar.

Skýrslan var þessu næst borin upp til samþykktar.

Skýrsla formanns var samþykkt.

Gjaldkeri, Jón Allansson, fór yfir reikningana. Sjá fylgiskjöl.

Ein fyrirsögn kom úr salnum um félagsstarfsliðinn. Jón skýrði frá því að það er allt sem viðkemur félaginu s.s. fundir og fleira. Fleiri spurningar komu fram og þeim var svarað. Vakin var athygli á því að farskólinn og fjármál hans eru á könnu farskólastjóra og því ekki á reikningi félagsins.

Reikningarnir voru bornir upp til samþykktar.

Reikningar félagsins voru samþykktir.

### 3. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar voru lagðar til.

### 4. Kosning í stjórn og aðrar trúnaðarstöður. Kosning skal vera skrifleg ef þess er óskað.

Alma Dís víkur úr stjórn og henni var þakkað vel unnin störf með öfluglu lófataki. Stungið var uppá Elfu Hlín í hennar stað sem varaformanns og Kristínu Sóleyju Björnsdóttur í starf ritara. Lagt var til að Sigríður Melrós Ólafsdóttir tæki sæti sem varamaður í hennar stað og Helga Vollertsen heldur áfram sem meðstjórnandi. Auk þess sem Pétur Sörensson er varamaður. Guðný Dóra heldur áfram sem formaður og Jón sem gjaldkeri.

Stjórnin er því skipuð eftirfarandi aðilum:

Formaður:	Guðný Dóra Gestsdóttir. Gljúfrasteinn.
Varaformaður:	Elfa Hlín Pétursdóttir, Minjasafn Austurlands.
Gjaldkeri:	Jón Allansson. Byggðasafnið Görðum.
Ritari:	Kristín Sóley Björnsdóttir. Minjasafnið á Akureyri.
Meðstjórnandi:	Helga Vollertsen. Þjóðminjasafn Íslands.
Varamaður:	Pétur Sörensson. Safnastofnun Fjarðabyggðar.
Varamaður:	Sigríður Melrós Ólafsdóttir. Listasafn Íslands.

Skoðunarmenn reikninga; Guðrún Jónsdóttir í Borgarnesi og Pétur Kristjánsson verður áfram.

Samþykkt með lófataki.

### 5. Önnur mál

- Helga Vollertsen sagði frá ferð sinni til Færeyja fyrir hönd félagsins á fund á vegum Norræna safnmannasambandsins. Þar flutti hún erindi fyrir hönd Físos.
- Afhending safnaverðlaunanna. Guðný Dóra kom með tillögu um það að nefndin hefði lengri tíma til vinnu en hefur verið. Búið er að skipa í nefndina en nöfn þeirra sem í henni sitja verða ekki gefin upp fyrr en við afhendingu verðlaunanna svo hún geti starfað óáreitt.
- Ágústa frá safnaráði skýrði frá því hvernig samstarfi var háttað í vinnu SAFNAhandbókarinnar. Hún hvatti félagsmenn til að þess að hafa samband við

sig eða félagið til þess að koma með athugasemdir og góð ráð til að gott verði betra. Bent var á að bókin hafi komið heldur seint út í ár og úr því verði að bæta.

- Endurmenntunarnámskeiðin: Guðný Dóra óskaði eftir ábendingum frá fundarmönnum /félagsmönnum um hvaða námskeið væru æskileg – hagnýt - spennandi fyrir safnafólk. Hún bað fólk um að íhuga hvort þau ættu að vera sérhæfðari og þá færri eða almennari og þá jafnvel fleiri. Mikilvægt að hafa tímann fyrir sig í skipulagningu þeirra. Þeir sem hafa ábendingar eru vinsamlegast beðnir um að senda stjórnmeðlimum tölvupóst þess efnis.
- Heiðursfélagar: Alma Dís kynnti að í félaginu eru 9 heiðursfélagar. Gott er að koma tillögum félagsmanna að heiðursfélögum til stjórnar. Heiðursfélagar ársins í ár voru :  
Birgitta Spur forstöðumaður Listasafns Sigurjóns Ólafssonar  
Hallgrímur Helgason frá Vopnafirði  
Öðrum heiðursfélögum verða afhent nýgerð heiðursskjöl innan tíðar og nöfn allra heiðursfélaga verða birt á heimasíðunni innan skamms.
- Haraldur Þór, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri, sagði frá því að forstöðumenn byggðasafnanna óskuðu eftir því við stjórn félagsins að taka upp umræðu um íslenska safnadaginn og dagssetningu hans. Beiðni kom um að stjórnin myndi skipa 3 manna hóp um þetta mál og koma á framfæri niðurstöðu við félagsmenn.  
- Stjórnin tók vel í það og mun sinna þessu verkefni á næsta stjórnarfundi.
- Bjarki kom með tillögu um það að þeir fyrirlestar sem eru á farskóla verði teknir upp og settir á heimasíðuna svo allir fái að njóta þeirra.  
- Vel var tekið í þessa tillögu og Guðrún farskólastjóri vakti athygli á því að glærur fyrirlesaranna fari inná heimasíðu félagsins innan skamms.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund og formaður félagsins sleit fundi kl 11:00